

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum
markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörum.

1. gr.

Í stað orðsins “Umhverfisstofnunar” í 4. gr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga nr. 61/2013.

3. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026